

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t. Unnar Kristínar Sveinbjarnadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2010.

Efni: Frumvarp til laga um fjölmiðla (423. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heildarlöggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra hérlendis.

Viðskiptaráð Íslands hefur um langa hríð verið áhugasamt um rekstrarumhverfi fjölmiðla hérlendis og þá sérstaklega skaðleg áhrif Ríkisútvarpsins ohf. (hér eftir RÚV) þar á. Að mati ráðsins er frumvarp af þessu tagi, þ.e. heildarlöggjöf um fjölmiðla óháð formi miðlunar, til þess fallið að skýra og þá um leið bæta rekstrarumhverfi slíkra fyrirtækja þó að því gefnu að efnisreglur þess séu almennar, gegnsæjar og eins skilvirkar og unnt er. Í þessu ljósi gerir ráðið nokkrar athugasemdir við frumvarp þetta sem og einstakar athugasemdir við verklag í tengslum við smíði þess og verða þær nú reifaðar.

Athugasemdir við form & verklag

Heilt á litið á ráðuneytið hrós skilið fyrir verklag að baki frumvarpssmíðinni og þá einna helst fyrir að hleypa athugasemdum að áður en frumvarpið var lagt fram á Alþingi sem og fyrir að taka saman kynningarefni þar sem aðalatriði frumvarpsins eru dregin fram. Viðskiptaráð gerir þó tvær athugasemdir við verklag ráðuneytisins.

Fyrir það fyrsta telur ráðið að veruleg vanhöld hafi verið á samráði við ólíka hagsmunaaðila við undirbúning frumvarpsins, en í almennum athugasemdum við frumvarpið segir að aflað hafi verið „*álits fjölmargra sérfróðra aðila, sem og hagsmunaaðila og fyrirmýnda leitað erlendis frá*“ við smíði frumvarpsins. Þessi fullyrðing stenst vart skoðun, en einkareknir fjölmiðlar fengu fyrst veður af tilvist drögum frumvarpsins þegar þau voru gerð aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins 22. október síðastliðinn. Líkt og kemur fram í *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa* frá árinu 2007 þá er ráðuneytum uppálagt að leita sjónarmiða aðila sem „*kunna að hafa ólíka afstöðu til málefnsins*“ hverju sinni og þar jafnframt nefnt að heppilegt geti verið að senda frumvarpsdrög sérstaklega á tiltekna hagsmunaaðila. Að mati ráðsins hefði verið full ástæða til að gera betur í þessum efnunum og hvetur ráðið því nefndina að kalla eftir umsögnum sem flestra við vinnslu frumvarpsins.

Í annan stað þá telur ráðið að frumvarpið í heild sinni sé alltof langt og þannig hlaðið efni sem annars vegar er ætlað að rökstyðja og réttlæta tilveru RÚV og hins vegar til glöggvunar um þróun íslensks fjölmiðlamarkaðar, en hefur hvorki efnislega þýðingu fyrir sjálfan lagatextann né heldur sem lögskýringargagn. Frumvarpið, sem er tæpar 400 bls., fer að þessu leyti á skjön við tilmæli áður nefndrar handbókar um að löggjöf eigi að vera skýr og skiljanleg sem flestum.

Þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir þá fagnar ráðið því að gerðar hafi verið tiltekna breytingar á ákvæðum frumvarpsins eftir umsagnarferli hjá ráðuneytinu. Hér vísast einna helst til þess að Fjölmiðlastofa (hér eftir FS) sé bundin trúnaði um meðferð upplýsinga sem stofnuninni berast á

grundvelli laganna, að heimild FS til að banna miðlun myndefnis sé bundin við ákvæði frumvarpsins og að 18 mánaða varðveislutími myndefnis víki sé hann ekki í samræmi við réttindi rétthafa myndefnisins.

Athugasemdir við ákvæði frumvarpsins

I. Markmið

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þeirra markmiða frumvarpsins sem kveðið er á um í 1. gr. þess en telur hins vegar að eitt veigamikilið markmið vanti, nánar tiltekið það að stuðla að virkri samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Líkt og kemur fram í álitinu [Samkeppniseftirlitsins](#)¹ (hér eftir SKE) frá 14. nóvember 2008 eru talsverðar samkeppnishömlur ríkjandi á fjölmiðlamarkaði vegna núverandi rekstrarfyrirkomulags RÚV, en í álitinu segir m.a.:

„Það er álit Samkeppniseftirlitsins að með lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. hafi verið skapaðar umtalsverðar samkeppnishömlur með því fyrirkomulagi að veita RÚV tekjur af almannafé jafnframt því að heimila fyrirtækinu að starfa áfram á markaði fyrir sölu auglýsinga og kostunar í útvarpi. Það rekstrarfyrirkomulag RÚV gengur gegn því markmiði samkeppnislaga að efla virka samkeppni í viðskiptum þar sem það stuðlar að samkeppnislegri mismunun á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun bæði í sjónvarpi og hljóðvarpi. Þær tekjur af almannafé sem RÚV nýtur veitir félaginu eins og áður sagði forgjöf til þess að kaupa og framleiða vinsælt sjónvarpsefni sem veitir því einnig töluverð forrættindi á auglýsingamarkaði.“

Við þessari þróun verður að sporna og að sama skapi verður að tryggja áframhaldandi fjölbreytni í dagskrárgerð og aukið framboð af innlendu og erlendu efni, líkt og áhersla var lögð á af hálfu fjölmiðlanefndarinnar² og er talið af hálfu ESB eitt frumskilyrði þess að réttur til upplýsinga og tjáningarfrelsi sé tryggt með fullnægjandi hætti.³ Því er ekki úr vegi að heildarlöggjöf á þessum markaði hafi það jafnframt að markmiði sínu að tryggja og stuðla að virkri samkeppni.

Viðskiptaráð leggur til að bætt verði við 1. gr. frumvarpsins að markmið þess sé jafnframt að tryggja og stuðla að virkri samkeppni á fjölmiðlamarkaði.

II. Gildissvið

Eins og nefnt var hér að ofan þá telur ráðið að heildarlöggjöf um öll fjölmiðlafyrirtæki óháð formi miðlunar sé af hinu góða. Ekki er hins vegar unnt að líta framhjá uppbyggingu íslensks fjölmiðlamarkaðar þar sem eitt fyrirtæki, RÚV, hefur yfirburðarstöðu umfram önnur hvað fjárhagslega burði varðar.

Vegna þessarar skekkju á fjölmiðlamarkaði má með réttu velta því upp hvort ákjósanlegt sé að öll ákvæði frumvarpsins gildi jafnt um RÚV sem og aðra fjölmiðla og vísast þar einkum til ákvæða VI. kafla frumvarpsins um kostun og auglýsingar (viðskiptaorðsendingar). Um þessi ákvæði frumvarpsins er fjallað nánar hér að neðan.

III. Stjórnýsla

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sérstök stofnun annist eftirlit skv. lögnum og taki þar með við hlutverki útvarpsétarnefndar. Í þessari tilhögun felst ákveðin einföldun á stjórnýslufyrirkomulagi eftirlits með fjölmiðlum, sem er vissulega til góða. Að auki má ætla að skilvirkara eftirlit á fjölmiðlamarkaði leiði til þess að starfshættir RÚV batni til muna, en eins og reifað er í áður nefndu álitinu SKE þá hefur töluvert skort á í þeim efnum hingað til. Þannig sagði m.a. í álitinu eftirlitsins að ekki mætti eingöngu rekja erfiða stöðu

¹ Sjá álit nr. 4/2008, *Samkeppnishömlur sem stafa af stöðu og háttsemi Ríkisútvarpsins á markaði fyrir sölu auglýsinga í ljósvakamiðlum*

² Sjá bls. 34 í greinargerð frumvarpsins, kafli I

³ Sjá bls. 74 í greinargerð frumvarpsins, kafli 4.3.8

keppinauta RÚV til samdráttar á auglýsingamarkaði heldur „*ekki síst til þeirra ósanngjörnu samkeppnisaðstæðna sem ríkja á umræddum markaði og stafa af lögnum um RÚV og samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækisins á auglýsingamarkaðnum.*“

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að FS sé sjálfstæð gagnvart ráðherra, en fjallað er nánar um bakgrunn þess í greinargerð frumvarpsins og vísast þar m.a. til tiltekinna tilmæla Evrópuráðsins. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að úrskurðir FS séu endanlegir, sbr. 7. gr., sem og að ráðherra skipi ekki alla stjórn stofnunarinnar, sbr. 8. gr., svo áður nefnt sjálfstæði sé betur tryggt þá verður ekki horft framhjá því að stjórnin starfar þrátt fyrir það í umboði ráðherra. Vankantar tengdir slíku fyrirkomulagi voru að einhverju leyti lagfærðir með lögum nr. 98/2009 þegar eignarhlutur ríkisins í RÚV var færður úr höndum menntamálaráðherra á hendur fjármálaráðherra. Með því voru ólík hlutverk ríkisins aðgreind og þar með dregið úr hættunni á hagsmunaárekstrum.

Þrátt fyrir það þá er einn valkostur í stöðunni sem myndi tryggja frekar sjálfstæði stjórnar FS, nánar tiltekið þingleg skipan líkt og gildir um bankaráð Seðlabankans. Með slíkri skipan er betur unnt að koma til móts við áður nefnd tilmæli Evrópuráðsins. Þá veltir undirritaður því jafnframt fyrir sér hvort það samræmist hlutverki samstarfsnefndar háskólastigsins að tilnefna í stjórnir sem þessa, en skv. 26. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 þá er nefndinni ætlað að fjalla um málefni er varða starfsemi og hagsmuni hlutaðeigandi háskóla.

Viðskiptaráð leggur til að nefndin skoði hvort það henti betur til að tryggja sjálfstæði FS að kveða á um þinglega skipan stjórnar stofnunarinnar og að nefndin skoði einnig hvort það samræmist hlutverki samstarfsnefndar háskólastigsins að skipa í stjórn FS.

Auk þess sem að ofan greinir er rétt að leggja áherslu á að útgjöldum ríkissjóðs vegna FS verði haldið í skefjum í ljósi bágrar stöðu ríkissjóðs. Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins á ráðuneytið enn eftir að leggja fram áætlun um hvernig eigi að fjármagna ca. 30 mkr. rekstrarkostnað FS og því verður útgjaldaaukningin að öllu óbreyttu fjármögnuð með lántökum. Niðurstaða í þá veru er fjarri því að vera boðleg við núverandi aðstæður. Því leggur ráðið áherslu á að önnur útgjöld hins opinbera, t.a.m. hluta af 4 ma. kr. árlegum framlögum til RÚV, verið skorin niður svo unnt sé að fjármagna rekstur FS.

IV. Framboð myndefnis, varðveisla & flutningur

Viðskiptaráð telur ákvæði 33. og 34. gr. frumvarpsins að mörgu leyti aðfinnsluverð, en ákvæðin kveða á um að fjölmiðlar skuli kappkosta annars vegar við að meiri hluta útsendingartíma sé varið í efni frá Evrópu og hins vegar við að minnst 10% af útsendingartíma sé varið til evrópskra verka framleiddum af sjálfstæðum framleiðendum.

Að mati ráðsins er illskiljanleg ástæðan fyrir því að yfirvöld aðildarríkja EES-svæðisins hafi afskipti af uppruna og vali á dagskrárefni fjölmiðla, enda gengur slíkt gegn fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum og dregur úr valfrelsi neytenda. Þá eru það jafnframt hagsmunir einkarekinna fjölmiðla að haga dagskrárframboði sínu í takt við kröfur neytenda svo áhorf fáist á dagskrárliði. Opinberar forskriftir af þessu tagi gætu haft veruleg áhrif á afkomu fyrirtækjanna.

Í ljósi þess hins vegar að íslensk stjórnvöld eru skuldbundin til að innleiða ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunar ESB, að því er virðist þrátt fyrir áður nefnd tjáningarfrelsisákvæði stjkskr., verður ekki komist undan innleiðingu ofangreindra ákvæða. Heilt á litið virðist ráðuneytið hafa fetað ágætan meðalveg hvað þetta varðar og vísast þar sérstaklega til þess að engin viðurlög eru við því að virða viðmið ofangreindra ákvæða að vettugi.

Af greinargerð frumvarpsins verður hins vegar ekki annað ráðið en að 1. mgr. 33. gr. leiði ekki af ofangreindri tilskipun, heldur er ákvæðið sambærilegt 2. mgr. 7. gr. núgildandi útvarpslaga. Sé það reyndin leggur Viðskiptaráð til að ákvæði 1. mgr. 33. gr. verði felld brott.

Viðskiptaráð leggur til að ákvæði 1. mgr. 33. gr. verði felld brott.

Þá gerir Viðskiptaráð jafnframt athugasemd við 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að flytja sjónvarpssendingar RÚV, sé þess óskað. Að áliti ráðsins er þessi forgangur með öllu óskiljanlegur, enda órókstuddur í greinargerð frumvarpsins. Nægar eru samkeppnishömlurnar fyrir án þess að bætt sé um betur. Hvað þetta varðar þá skiptir jafnframt máli að RÚV greiðir fjarskiptafyrirtækjum ekkert fyrir flutning sjónvarpsútsendinga sinna. Því lendir sá kostnaður fyrirtækjanna allur á einkaaðilum sem skeykir samkeppnisstöðu þeirra enn frekar.

Viðskiptaráð leggur til að 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins verði breytt á þá leið að lokamálsgrein ákvæðisins verði felld brott.

Að auki gerir ráðið athugasemd við a. lið 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) til að setja reglur um lágmarkskröfur varðandi útsendingargæði og 46. gr. um röðun sjónvarpsútsendinga á fjarstýringum þar sem íslenskar útsendingar skulu hafa forgang. Að mati ráðsins er ofangreindur stafliður 45. gr. óþarfur þar sem fjölmiðlar og fjarskiptafyrirtæki héraendis nota alþjóðlega staðla við dreifingu sjónvarpsmerkis. Alger óþarfi er að þróaðar séu séríslenskar lágmarkskröfur í þessum efnum. Hvað röðun sjónvarpsrása varðar þá er ómögulegt að sjá að það falli undir hlutverk hins opinbera að ákveða hana fyrir hönd neytenda.

Viðskiptaráð leggur til að a. liður 1. mgr. 45. gr. verði felldur brott sem og að felld verði brott úr 46. gr. það er varðar röðun sjónvarpsútsendinga á fjarstýringar neytenda.

Að lokum gerir Viðskiptaráð athugasemd við þá heimild PFS að ákveða hvort stjórnun áskriftarkerfis skuli vera í höndum fjölmiðlaþjónustuveitenda eða fjarskiptafyrirtækis, sbr. 3. mgr. 46. gr. Það er óumdeilt að stjórnun áskriftarkerfa er mikilvægur og afar viðkvæmur þáttur í rekstri viðkomandi aðila. Af þeim sökum væri óeðlilegt að veita PFS heimild sem þessa, en ákvörðun stofnunarinnar getur haft viðtæk og neikvæð áhrif á viðskiptatengsls og rekstur viðkomandi aðila.

Viðskiptaráð leggur til að heimild PFS í 3. mgr. 46. gr. frumvarpsins til að ákveða um stjórnun áskriftarkerfis verði felld brott.

V. Viðskiptaorðsendingar & breytingar á lögum um RÚV ohf.

Um þá ákvörðun ráðuneytisins að meina ekki eða setja talsverðar skorður við aðkomu RÚV að auglýsingamarkaði með frumvarpi þessu er margt að segja. Eins og áður hefur verið rakið þá hefur SKE lagt fram talsverðar athugasemdir við núverandi skipan mála, en þó frumvarpið sé hátt í 400 bls. þá er af einhverjum ástæðum ekki minnst á þessar athugasemdir eftirlitsins. Vegna þess og til glöggvunar þá voru helstu niðurstöður SKE þær að:

- RÚV hafi beitt sér af krafti á auglýsingamarkaði og aukið sókn sína á markaði fyrir sölu auglýsinga og kostunar í sjónvarpi.
- RÚV hafi ekki starfað í samræmi við tilgang og markmið þeirra reglna sem settar hafa verið varðandi verðlagningu félagsins.
- RÚV hafi hegðað sér með óviðunandi hætti á markaðnum sem er til þess fallið að hrekja keppinauta þess út af markaðnum.
- Hegðun RÚV á markaði fyrir sölu auglýsinga og kostunar í útvarpi hafi leitt til alvarlegrar takmörkunar á samkeppni.

- Að engin aðskilnaður hafi verið fyrir hendi hjá RÚV sem kemur í veg fyrir að opinbert fé sé nýtt til niðurgreiðslu auglýsingastarfsemi og að veittir afslættir hafi gefið ríkar vísbendingar um skaðleg undirboð félagsins, í bága við EES/ESB samkeppnisrétt.
- Með forgjöf RÚV í formi opinberra gjalda hafi félaginu verið veitt forgjöf á markaði fyrir sölu auglýsinga þar sem almannafé er nýtt til að kaupa og framleiða vinsælt sjónvarpsefni.
- Að RÚV hafi ekki starfað í samræmi við samning þess og ráðuneytisins með veitingu fríbirtinga og samtvinnun auglýsinga og kostunar, sem dregið hafi úr gagnsæi og jafnræði viðskiptamanna RÚV.
- Að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði í sjónvarpi sé veigamikil ástæða þess að ekki eru fleiri öflugar sjónvarpsstöðvar hérlandis og eignarhald þeirra ekki dreifðara. Með því að RÚV myndi hverfa af auglýsingamarkaði myndi skapast svigrúm fyrir aðra, sem myndi efla samkeppni og fjölga valkostum neytenda.

Í þessu ljósi þá fagnar Viðskiptaráð því vissulega að takmarka eigi möguleika RÚV á að afla kostunar með vöruinnsetningum, sbr. a. liður 5. tl. 64. gr. frumvarpsins. Að mati ráðsins er hins vegar ekki nánda nærri því gengi nógu langt í þessum efnum, en það er álit ráðsins að augljós rök standi fyrir því að taka alfarið fyrir möguleika RÚV að afla sér tekna með viðskiptaorðsendingum (auglýsingar, kostanir og vöruinnsetningar) - hvort heldur til sjónvarps eða útvarps.

Þá furðar Viðskiptaráð sig á seinangangi starfshóps menntamálaráðherra í þessum efnum, en tillögur að breyttu fyrirkomulagi voru lagðar fram í frumvarpi þann 10. desember síðastliðinn ([218. mál](#)). Í frumvarpi þessu var m.a. lögð til hækkun á álögum skattgreiðenda til RÚV til að „*skapa svigrúm fyrir minni tekjur félagsins á auglýsingamarkaði.*“ Menntamálanefnd Alþingis taldi því miður ekki rétt að afgreiða ákvæði frumvarpsins um takmarkanir RÚV á auglýsingamarkaði þar sem [nefndin](#) taldi eðlilegt að áður nefndur starfshópur útfærði þær nánar. Nú rúmu ári síðar er ástandið enn óbreytt, nefskatturinn jafnhár og auglýsingatekjur einkarekinna fjölmiðla hafa á sama tíma hrapað.

Viðskiptaráð leggur til að kveðið verði á um í frumvarpinu að RÚV sé með öllu óheimilt að afla sér tekna með viðskiptaorðsendingum. Ef ekki er vilji til þess að ganga alla leið leggur ráðið til að RÚV verði gert óheimilt að selja og sýna viðskiptaorðsendingar utan kjörtíma og að hlutfall þeirra af daglegum útsendingartíma á kjörtíma verði takmarkað við 5%.

VI. Dag- & stjórnvaldssektir

Að mati ráðsins er þarft að taka nokkur efnisatriði ákvæða frumvarpsins, sem brot gagnvart geta varðað stjórnvaldssektum, til endurskoðunar. Vísast hér m.a. til c. liðar 37. gr. um að viðskiptaorðsendingar skulu ekki hvetja til hegðunar sem er í áberandi andstöðu við umhverfisvernd og 38. gr. um vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum.

Ástæðan að baki þessu sjónarmiðið ráðsins er sú að ótækt er að beita aðilum refsingum fyrir brotum gegn ákvæðum, sem þessum, sem eru að miklu leyti háð túlkun. Þannig er t.a.m. ómögulegt fyrir fjölmiðil að meta hvaða efni er í „*áberandi andstöðu við umhverfisvernd.*“ Undirritaður gerir sér vissulega grein fyrir þeim vandkvæðum sem fylgja því að binda ýmis óljós ákvæði í lög, en hér verður að feta betri meðalveg en gert er í frumvarpinu. Hér ætti því að koma til álita að skýra inntak þessara ákvæða frekar eða þá að kveða á um að FS leggi aðeins á stjórnvaldssektir að undangenginni áskorun þess efnis til viðkomandi aðila að láta af miðlun tiltekins myndefnis, þar sem móttakanda áskorunarinnar er veittur andmælaréttur.

Viðskiptaráð leggur til að inntak 4. tl. 37. gr. og 38. gr. frumvarpsins verði skýrt nánar eða þá að stjórnvaldssektarkafli laganna kveði svo á um að FS leggi aðeins á stjórnvaldssektir að undangenginni áskorun til viðkomandi um að láta af miðlun tiltekins efnis.

Þá vill Viðskiptaráð benda á að stjórnvaldssektakafli laganna verður haldlítill ef ríkissjóður ætlar sér að bæta RÚV upp taprekstur sinn ár frá ári enda er FS þá einvörðungu að sekta ríkissjóð og þar með skattgreiðendur, sem nú þegar eru skyldaðir til að styðja rekstur RÚV.

V. Ákvæði til bráðarbirgða

Samkvæmt 1. bráðarbirgðaákvæði frumvarpsins skulu stjórnir einkahlutafélaga og hlutafélaga senda FS nýjustu hlutaskrá sína fyrir 1. febrúar 2010, að viðlögðum dagsektum. Að mati ráðsins er ákvæði þetta beinlínis óþarft þar sem 7. mgr. 30. gr. laga um hlutafélög (sbr. 6. mgr. 19. gr. laga um einkahlutafélög) kveður á um að hlutaskrá skuli ætíð vera geymd á skrifstofu félaga og að stjórnvöld eigi aðgang að henni og megi kynna sér efni hennar. Þá voru ákvæði ofangreindra laga er varða hlutaskrár skýrð nánar með [lögum dags. 4. mars](#) síðastliðinn hvað varðar innihald þeirra. FS hefur samkvæmt þessu fullt aðgengi að hlutaskrá félaganna. Auk þessa þá segir jafnframt í 2. tl. 153. gr. hfl. (sbr. 2. tl. 127. gr. ehfl.) að brot gegn ákvæðum laganna um hlutaskrá varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Vegna alls þessa, þ.e. að FS hefur þegar aðgengi að skránum, að skrárnar skulu geyma réttar upplýsingar á hverjum tíma og þar sem unnt er að leggja dagsektir á félög skili þau ekki hlutaskránum og aftri FS aðgengi að þeim telur ráðið óþarft að kveðið sé á um heimild til að leggja dagsektir á félögin sendi þau FS hlutaskrár sínar ekki fyrir 1. febrúar 2010.

Viðskiptaráð leggur til að 1. ákvæði til bráðarbirgða verði breytt þannig að FS verði ekki heimilt að leggja dagsektir ef stofnuninni berst ekki hlutaskrá félaga skv. ákvæðinu. Auk þess er lagt til að gildissvið ákvæðisins verði takmarkað við einkahlutafélög og hlutafélög á fjölmiðlamarkaði, sem er sá markaður sem FS hefur eftirlit með og að tímamark skila verði leiðrétt í ljósi þess að það er þegar runnið út.

Viðskiptaráð leggur til eftirfarandi:

- I. *Að bætt verði við 1. gr. frumvarpsins að markmið þess sé jafnframt að tryggja og stuðla að virkri samkeppni á fjölmiðlamarkaði.*
- II. *Að nefndin skoði hvort henti betur að kveða á um þinglega skipan stjórnar FS, til að tryggja betur sjálfstæði hennar, og að nefndin skoði einnig hvort það samræmist hlutverki samstarfsnefndar háskólastigsins að skipa í stjórn FS.*
- III. *Að fjármögnun ca. 30 mkr. árlegs rekstrarkostnaðar FS verði tryggð með niðurskurði opinberra útgjalda, t.a.m. hluta af 4 ma. kr. framlögum til RÚV.*
- IV. *Að ákvæði 1. mgr. 33. gr. um að þjónustuveitendur skuli kappkosta við að meiri hluta útsendingartíma sé varið í efni frá Evrópu verði felld brott.*
- V. *Að 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins verði breytt á þá leið að lokamálsgrein ákvæðisins verði felld brott þannig að fjarskiptafyrirtæki beri ekki skylda til að flytja sjónvarpssendingar RÚV.*
- VI. *Að a. liður 1. mgr. 45. gr. um að PFS sé heimilt að setja reglur um lágmarkskröfur varðandi útsendingargæði verði felldur brott sem og að felld verði brott úr 46. gr. það er varðar röðun sjónvarpsútsendinga á fjarstýringar neytenda.*
- VII. *Að heimild PFS í 3. mgr. 46. gr. frumvarpsins til að ákveða hver fari með stjórnun áskriftarkerfis verði felld brott.*
- VIII. *Að kveðið verði á um í 5. tl. 64. gr. að RÚV sé með öllu óheimilt að afla sér tekna með viðskiptaorðsendingum. Ef ekki er vilji til þess að ganga alla leið leggur ráðið til að RÚV verði gert óheimilt að selja og sýna viðskiptaorðsendingar utan kjörtíma og að hlutfall þeirra af daglegum útsendingartíma á kjörtíma verði takmarkað við 5%.*
- IX. *Að inntak 4. tl. 37. gr. og 38. gr. frumvarpsins verði skýrt nánar eða þá að stjórnvaldssektarkafli laganna kveði svo á um að FS leggi aðeins stjórnvaldssektir á lögaðila að undangenginni áskoron til þeirra um að láta af miðlun tiltekins efnis.*

- X. Að 1. ákvæði til bráðarbirgða verði breytt þannig að gildissvið ákvæðisins sé takmarkað við ehf. og hf. á fjölmíðlamarkaði, að FS verði ekki gert heimilt að leggja dagsektir á félög skili þau stofnuninni ekki hlutaskrá sinni á tilteknum tíma og að tímamarki skila verði breytt í ljósi þess að það er þegar liðið.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs